



## CAD Fréttir Janúar 2010

### Gleðilegt nýtt ár

Enn og aftur er ár liðið og landinn búinn að skjóta upp nærri 600 tonn af flugeldum til að lýsa upp himinhvolfið í dimmasta skammdeginu. Í nóvember rakst ég á þessa grein í blaði Hjálparstofnunar kirkjunnar og fékk ég góðfúslegt leyfi höfundar til að birta hana hér. Til umhugsunar:

Eitthvað undrafagurt, eitthvað ókeypis, eitthvað handa þér  
Merkileg könnun var gerð á lestarstöð í Bandaríkjunum einn kaldan janúarmorgun. Maður var fenginn til að spila á fiðlu á göngum hennar og viðbrögð fólks voru skráð. Skömmu eftir að maðurinn byrjaði spila, staldraði miðaldra maður við nokkrar sekúndur og hlustaði - en hélt svo leiðar sinnar. Nokkrum mínútum síðar hætti barn að ganga við hlið móður sinnar og horfði á manninn. Mamman togaði óðar í barnið og forðaði því frá manninum og fiðlunni. Einhver henti pening í hattinn. Annað barn stoppaði og mamman togaði óðar í gemlinginn. Fleiri smápeningar flugu í hattinn en varla nokkur maður lét á sér sjá að hann væri að hlusta eða nyti tónlistarinnar. Eftir 45 mínútur af samfelldum leik, hætti maðurinn að spila. Lófatak heyrðist ekki, enginn kallaði BRAVO. Maðurinn taldi peningana, hann hafði fengið 32 dollara. Félagsfræðitilraun Washington Post-blaðsins var lokið. Hún sýndi hverju fólk missti af. Maðurinn sem spilaði var Joshua Bell, einn mesti fiðlusnillingur heims. Hann hafði leikið 6 verk eftir Bach sem öll þykja einstaklega falleg og tæknilega erfið. Fiðlan hans kostaði 3,5 milljónir dollara (ekki króna!). Tveimur kvöldum áður hafði hann fyllt tónleikasal í Boston þar sem hver miði hafði kostað 100 dollara. - Af hverju stoppaði enginn til að njóta? Af hverju þakkaði honum enginn? Voru allir á hraðferð á leið í vinnu. Örugglega einhverjir - en fjandakornið ekki allir. Var ekki líklegra að fólk gerði ósjálfrátt ráð fyrir að spilarinn væri auðnuleysingi, fiðlan gargan og best væri að forða sér frá betlaranum. Vissulega lærum við að meta aðstæður og draga af þeim ályktanir sem við notum til að meta stöðu okkar, öryggi og til að taka afstöðu. En þýðir það að við þurfum að fá gjafir heimsins í pakka á réttum stað og stund til að geta þegið þær? Af því fólk var í neðanjarðarlestarstöð en ekki tónleikasal skynjaði það ekki fegurðina í tónlistinni. Af því tónarnir bárust óumbeðnir og kostuðu ekkert hurfu þeir með dragsúgnum og náðu ekki eyrum. Einhversstaðar sá ég skrifað að þeir sem kæmu hvað best út úr langri þínúvist eins og t.d. í fangabúðum nasista í seinni heimsstyrjöldinni ættu eitt sameiginlegt. Það var að hafa getað útilokað ljótleikann fáein augnablik í einu. Að geta sameinast fegurð sólargeislans sem braust inn um rifu í veggnum. Notið andvarans við húshorn og fundið ferskleika fífilsins sem spratt í haugnum. Hverju erum við að missa af í daglegu lífi sem kostar ekkert en auðgar það margfalt ef við aðeins höfum augu og eyru opin? Ef við aðeins sleppum samanburðinum við aðra, auglýsingunum og ítroðslunni um hvað við eigum að eiga, hvað við eigum að vera, hvers við eigum að njóta og hvernig þá getur það orðið leikur að koma auga á það sem okkur er gefið en enginn hafði tíma til að pakka inn og merkja okkur. - Og leikurinn gæti byrjað núna?

Anna M. Þ. Ólafsdóttir

### Breytingar á verðlistum:

Framundan eru breytingar á verðlistum. Fyrir áskriftarnotendur eru engar breytingar en fyrir þá sem er með útrunna áskrift eða eru alls ekki í áskrift þá breytist málið töluvert. Um eiginlegar uppfærslur verður ekki lengur að ræða heldur kaupa menn áskrift aftur á bak - hámark eitt ár og greiðir þar að auki álag. Eftir það er eingöngu keypt nýtt forrit en með 50 % afslætti. Þetta er dýr leið og það borgar sig alltaf að halda sér í áskrift.

## Servicepacks og uppfærslur:

**AutoCAD 2010** servicepack 1 frá því í október 2009 er að finna [hér](#)

**Scale list clean up utility** fyrir AutoCAD 2010. Þessi virka fyrir öll afbrigði af AutoCAD 2010, þ.e.a.s. Mechanical, Electrical, MAP [osfrv.:](#)

**Regapp ID Cleanup Utility** for AutoCAD 2010. Þessi virka fyrir öll afbrigði af AutoCAD 2010, þ.e.a.s. Mechanical, Electrical, MAP [osfrv.:](#)

**AutoCAD Electrical 2010:** Servicepack frá því í [október 2009](#)

**AutoCAD Mechanical 2010:** Servicepack frá því í [október 2009](#)

**AutoCAD LT 2010** servicepack 1 frá því í [október 2009](#)

**Inventor 2010** [servicepack 2](#)

**Inventor Professional 2010** [servicepack 2](#)

**Autodesk Showcase 2010** - leiðrétting á samsíða uppsetning á Autodesk forrit þ.e.a.s. FlexLM license [manager](#)

## Kennsluáætlun:

AutoCAD 2010 / LT 2010 Essentials:	15.-16. og 22.-23. janúar 2010	4 dagar
Autodesk Inventor 2010 Essentials:	05.-06. og 12.-13. febr. 2010	4 dagar
AutoCAD 2010 3D - þrívídd:	26.-27. febrúar 2010	2 dagar
AutoCAD Electrical 2010 Essentials;	14.-15. maí 2010	2 dagar
Inventor fyrir Innréttingasmíði:	30 apríl.-1. maí 2010	2 dagar

Bókun og upplýsingar um námskeiðin er í síma 590 6400 milli kl. 9 og 16. Einnig má skrá sig á heimasíðu **lðunar** [www.idan.is](http://www.idan.is)




## Tips & Tricks:

### AutoCAD:

AutoCAD (Electrical, Mechanical osfrv.) og Inventor AIS og AIP:

Ég hef lúmskan grun um að allt of fáir áskriftarnotendur hali niður **bónus aðgerðunum** og sumir hafa jafnvel ekki farið inn á áskriftarsíðurnar. Auðveld leið til að ná í "nammið" er í gegnum forritið sjálft. Einfaldlega smellið á myndina af skróflyklinum efst til hægri í forritinu - sjá mynd:




### **AutoCAD og AutoCAD LT:**

#### **Að prenta út lista yfir lagnöfn og stillingar:**

Í AutoCAD á að opna Layer Properties gluggann og velja öll lög (Ctrl+A) kópiera valið á klippiborðið (Ctrl + C). Síðan skal opna Excel líma (paste með Ctrl+V). Bingo - út kemur þessi fíni listi.

#### **Brenglaðir stafir í PDF útprentun ef notað er DWG to PDF prentarinn:**

Best er að fara inn í "properties" og Custom Properties og breyta stillingunni úr Capture some í Capture all. Þá prentast allir stafir út.



### Felligardínur í AutoCAD.

Einstöku sinnum er gott að hafa gömlu gardínurnar uppi við. Hægt er að ná í þær með því að skrifa: menubar áskipanalínuna og síðan gildið 1.

### Og nú eitthvað allt annað - Outlook short cuts:

Þetta eru "short cuts" sem virka í allar útgáfur af Outlook.

Ctrl + N: Byr til nýtt skjal - fer eftir því hvar þú ert staddur í Outlook. Ef þú ert í Inbox þá er búið til nýtt email en ef þú ert í Contacts þá er búið til nýr contact osfrv.

Ctrl + R: svara email (reply) sem er opið.

Ctrl + Shift + R; svara email sem er opið (Reply to All)

Ctrl + F: áframsenda email ( Forward)

Ctrl + Shift + M: Byrjar nýtt email alveg sama hvar þú ert staddur í Outlook.

Ctrl + Shift + A: Byr til nýjan fund (new appointment) alveg sama hvar þú ert staddur í Outlook.

Ctrl + 1: hoppa inn í Inbox

Ctrl + 2: hoppa inn í Calendar

Ctrl + 3: hoppa inn í Contacts

Ctrl + 4: hoppa inn í Tasks

Ctrl + 5: hoppa inn í Notes

### Inventor 2009 & 2010:

Þú getur notað nýju "iProperty" gildin í **BOM** eða partalista. Leiðin er að búa til "**custom Property**" sem unnt er að nota í BOM umhverfið.

Þú getur búið til "**custom iProperties**" sem tekur gildin sín úr þessu "**sheet metal iProperties**".

Þegar þú ert inni í Sheet metal part ferðu í "**Custom**" flípan í "iProperties" samskiptaboxið. Búa skal til nýjan eiginleika ( property) og gerðin er "Text" en nafnið getur verið hvað sem er. Sem gildi skal nota eitthvað af eftirfarandi:

=<Flat Pattern Area>

=<Flat Pattern Length>

=<Flat Pattern Width>

Þú getur bætt við texta eða annað í kringum <xxxx> hlutann af strengnum. Í upphafi lítur gildið út eins og gildisstrengurinn en með því að smella Apply þá breytist þetta í raunveruleg gildi. Þú getur nú notað þessi gildi í BOM umhverfið.

**Þangað til næst:**  
**Lifið heil.**

**Finnur P. Fróðason**

**Hafið Samband:**

sími: 5523990 - [cad@cad.is](mailto:cad@cad.is)

**Forward email**

✉ **SafeUnsubscribe®**

This email was sent to [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is) by [finnurp@cad.is](mailto:finnurp@cad.is).

[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

Email Marketing by



CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland